

# Hvítbók um sjálfbært Ísland

Samantekt umsagna í samráðsgátt stjórnvalda

Hvítbók um sjálfbært Ísland var birt í samráðsgátt stjórnvalda þann 27.2.2024 og var til umsagnar til 26.3.2024. (Mál nr. S-59/2024)

5 umsagnir bárust fyrir skilafrest, en að auki var tekið á móti 3 umsögnum eftir að honum lauk. Umsagnir urðu því samtals 8, frá þessum aðilum:

1. Samband íslenskra sveitarfélaga
2. Hagstofa Íslands
3. Landsvirkjun
4. Sjálfbærnistofnun Háskóla Íslands
5. ÖBÍ réttindasamtök
6. Landssamband ungmennafélaga
7. Landvernd
8. Skipulagsstofnun

Í umsögnunum kom annars vegar fram ánægja með þá vinnu sem lögð hefur verið í þessa stefnumótun, sem og starf Sjálfbærs Íslands og Sjálfbærniaráðs. Hins vegar var bent á það sem hægt er að bæta og að nauðsynlegt sé að herða á markmiðum um árangur í sjálfbærri þróun. Höfð verður hliðsjón af innsendum umsögnum við gerð stefnu um sjálfbært Ísland.

Helstu ábendingar úr innsendum umsögnum

**1. Samband íslenskra sveitarfélaga** leggur áherslu á mikilvægi heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Í umsögn sinni undirstrikar sambandið jafnframt mikilvægi samstarfs við sveitarfélögin og nauðsyn þess að vinna áfram að innlendum mælikvörðum fyrir þau. Slíka vinnu þurfi að fjármagna ef árangur eigi að nást.

**2. Hagstofa Íslands** styður fyrirætlanir um að þróa áfram velsældarvísa stjórnvalda og vill samræma þá við félagsvísa sem Hagstofan birtir. Fjármagna þurfi þá vinnu og efla.

**3. Landsvirkjun** leggur áherslu á mikilvægi orkuskipta í aðgerðum í loftslagsmálum. Samstarf við atvinnulífið sé mikilvægt og að nýta til þess loftslagsvegvísa atvinnulífsins. Nauðsynlegt sé að ná samfélagslegri sátt um raforkuvinnslu, sem byggja á fræðslu um lykilviðfangsefni.

**4. Sjálfbærnistofnun Háskóla Íslands** telur að skerpa þurfi á skilgreiningum og orðanotkun. Fjalla þurfi nánar um þá alþjóðlegu samninga sem Ísland er aðili að. Þá vill stofnunin að beitt verði náttúrumiðuðum lausnum, auk tæknilausna, til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.

**5. ÖBÍ réttindasamtök** telja brýnt að bæta aðgengi fatlaðra. Ýmsar rafrænar lausnir séu útilokandi fyrir jaðarhópa. Þau benda m.a. á að hönnun, sem gagnast sérstaklega fötluðu fólki, sé jafnframt betri fyrir öll. Ekki sé nóg að einblína á starfsgetu einstaklinga, heldur þurfi afkomuöryggi að vera í forgrunni.

**6. Landssamband ungmennafélaga** telur að framtíðarsýn stjórnvalda eigi ekki aðeins að gæta að því að skaða ekki hagsmuni komandi kynslóða heldur einnig að tryggja aukin lífsgæði þeirra með aukinni velsæld, jöfnuði og sjálfbæru samfélagi. Tryggja þurfi að aðgerðaáætlun um framkvæmd markmiða hvítbókar sé fjármögnuð.

**7. Landvernd** fagnar mótun stefnu um sjálfbæra þróun fyrir Ísland, en bendir hins vegar á fjölmörg atriði sem betur mega fara. Flestar athugasemdirnar snúa að því að ekki séu sett nægilega skýr og metnaðarfull markmið. Einnig er bent á að ekki sé nóg að tala um jafnvægi á milli þriggja stoða

sjálfbærrar þróunar, heldur þurfi að halda okkur innan þolmarka náttúrunnar. Samandregið segir Landvernd að í heild sé þessi stefna ágætt tæki til að draga úr ósjálfbærum lífnaðarháttum, en innihaldi hvorki framtíðarsýn né vilja til að snúa þróuninni við og koma okkur aftur á braut sjálfbærrar þróunar.

**8. Skipulagsstofnun** leggur áherslu á að mikilvægi skipulagsmála fyrir sjálfbæra þróun. Stofnunin bendir í því samhengi á þingsályktunartillögu um landsskipulagsstefnu, þar sem m.a. sé fjallað um viðbrögð við loftslagsbreytingum og vernd líffræðilegrar fjölbreytni.

Niðurlag

Nánar má fræðast um einstakar umsagnir á samráðsgátt stjórnvalda þar sem allar umsagnirnar eru birtar í fullri lengd (<https://island.is/samradsgatt/mal/3698>).